

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2010.

Efni: Frumvarp til laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi (309. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.*

Ofangreint frumvarp felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Með innleiðingu hennar í íslenskan rétt er því verið að aðlaga innlendar reglur þessu sviði að þeim reglum sem gilda á evrópska efnahagssvæðinu. Tilskipunin sameinar fyrri 15 tilskipanir um viðurkenningu á menntun og hæfi í eina tilskipun og er ætlað að gera framkvæmd einfaldari og skilvirkari. Ekki eru gerðar breytingar á meginskilyrðum viðurkenningar eða málsmeðferð.

Helstu nýmæli sem tilskipunin hefur í för með sér fyrir íslenskan rétt er t.d. aukin vernd og trygging fyrir þá sem veita þjónustu tímabundið í aðildarríki. Þannig að óheimilt verður að hefta frjálsa veitingu þjónustu með vísan í prófskírteini að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Tryggir þetta aukið aðgengi þjónustuveitenda sem falla undir reglurnar að mörkuðum aðildarríkja og um leið auðveldar aðgengi markaða að slíkri þjónustu. Einnig hefur tilskipunin í för með sér auknar kröfur um samstarf aðildarríkja um viðurkenningu prófskírteina og gefur möguleika á sameiginlegum grunnskilyrðum innan fagsamtaka. Hafa þessar breytingar í för með sér aukið aðgengi að íslenskum markaði ásamt því að innan evrópu eykst gagnsæi og skilvirkni.

Mikilvægt er fyrir atvinnumarkað eins og á Íslandi, sem takmarkast verulega af stærð landsins, að gott aðgengi sé að sérmenntuðu fólki frá öðrum löndum og að íslendingar eigi greiðan aðgang öðrum vinnumörkuðum. Nauðsynlegt í því samhengi er samræming á reglum milli aðildarríkja EES og að flutningur þjónustu og fagmenntaðra sé hvað auðveldastur og hagkvæmastur fyrir atvinnulífið. Með innleiðingu tilskipunarinnar er einnig tekið fyrir það að hertari reglur um viðurkenningu geti verið í gildi hér á landi.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér grundvallar breytingar á viðkomandi réttarsviði nema þá til víkkunar á gildissviði og aukin réttindi. Viðskiptaráð telur að frumvarpið hafi í för með sér jákvæðar breytingar, enda verið að samræma við þær reglur sem gilda víðast hvar í Evrópu og verið að gera aðgengilegra og skilvirkara í framkvæmd.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands